

Veikustu föngunum er ekki sinnt

Engin geðheilbrigðisáætlun er til staðar fyrir fanga á Íslandi þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar um að hana skorti sárlega. Sakhæfir fangar með geðræn vandamál verða útundan í kerfinu. Talsmaður fanga á Litla Hrauni segir ólíðandi að fangar með alvarlega geðsjúkdóma séu vistaðir í fangelsi.

Fangi á Litla Hrauni reyndi að skera sig á háls nýverið. Flytja þurfti fangann á sjúkrahús til að sauma skurðinn en hann var það grunnur að fanginn var ekki í lífshættu. Heimildamaður Fréttatímans innan veggja fangelsisins segir að um sé að ræða einn af fjölmörgum föngum sem eiga við geðræn vandamál að stríða en fá takmarkaða geðheilbrigðisþjónustu vegna þess að þeir eru vistaðir í fangelsi en ekki á geðdeild. Hvorki fangelsismálastjóri né forstöðumaður Litla Hrauns vildu tjá sig um málið.

Aðeins er rúm vika síðan fangi á Litla Hrauni, Þorvarður Davíð Ólafsson, svipti sig lífi. Þorvarður Davíð var dæmdur til fjórtán ára fangelsisvistar fyrir tilraun til manndráps. Hann var um tíma vistaður á geðdeild en var fluttur aftur í fangelsið þó öllum væri ljóst að hann ætti við alvarleg geðræn vandamál að etja.

Jón Ólafsson, formaður Afstöðu – félags fanga á Litla Hrauni, segir geðheilbrigðisþjónustu í fangelsinu fyrir neðan allar hellur. „Okkur finnst vanta úrræði. Það á ekki að vista fanga hér ef þeir eiga við alvarleg geðræn vandamál að etja,“ segir hann. Spurður hvernig veikustu föngunum sé sinnt, þeim sem mesta andlega aðstoð þurfa, er svar Jóns einfalt: „Þeim er ekki sinnt.“ Hann segir að ef fangar samþykka að taka geðlyf fái þeir lyfin gjarnan í forðasprautu. Ekki sé hins vegar



Þeim er ekki sinnt.

Formaður Félags fanga á Litla Hrauni segir að föngum með alvarleg geðræn vandamál sé ekki sinnt sem skyldi. Ljósmynd/Hari

hægt að þvinga meðferð upp á fanga. „Ekki nema þeir séu sviptir sjálfræði. Það auðvitað þekkest líka. En yfirleitt, ef menn eru taldir sakhæfir þá hafa þeir eitthvað um það að segja hvort þeir fá meðferð,“ segir Jón. Honum finnst fangelsi ekki rétti staðurinn fyrir þá fanga sem eru með alvarlega geðsjúkdóma. „Þeir þurfa miklu meiri aðstoð en fæst hér,“ segir hann.

Forstöðumaður Litla Hrauns, Margrét Fri-mannsdóttir, segir umdeilanlegt hvað sé nægjanleg geðheilbrigðis-

Sjú sjálfsvig

Ekki er haldið utan um hversu oft fangar þurfa að leggjast inn á geðdeildir á meðan á afpláunum stendur, hvorki hjá Landspítalanum né Fangelsismálastofnun. Hjá fangelsismálayfirvöldum fékkst hins vegar uppgæfið að sjó fangar hafa framið sjálfsvig innan veggja Íslenskra fangelsa á síðustu tuttugu árum.

Á síðasta ári voru að jafnaði 2 fangar vistaðir á sjúkrastofnun eða annarri stofnun á degi hverjum. Þar undir eru hjúkrunarheimili fyrir aldraða, einstaka meðferðarheimili og venjulegar sjúkrastofnanir.

þjónusta. Hún bendir hins vegar á að fangelsismálayfirvöld hafi reynt að fá aukið fjármagn til að bæta hana. Aldrei þurfi fangar þó að biða lengur en tvær vikur eftir viðtali við geðlækni.

Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítala, viðurkennir að sýn geðsviðs á vandann sé önnur en sýn fangelsisyrvalda. „Okkar afstaða er sú að ekki sé eðlilegt og ekki lögum samkvæmt að fangi afpláni dóm á sjúkrastofnun,“ segir hann. Fangar hafa þó eins og aðrir rétt

Geðlæknir í hlutastarfi

Einn geðlæknir er í 20% starfi á Litla Hrauni og heimsækir hann fangelsið tvisvar í mánuði. Bið eftir viðtali við geðlækni er því mest tvær vikur fyrir fanga þar. Auk þess starfa hjá fangelsinu fleiri sérfræðingar, svo sem sálfræðingar og geðhjúkrunarfræðingar.

Samtökin Geðhjálp hafa lengi gagnrýnt aðbúnað fanga með geðræn vandamál. Nú í haust komu fulltrúar Geðhjalpar á fund allsherjarnefndar Alþingis og lögðu til að gerð verði geðheilbrigðisáætlun fyrir fanga á Íslandi. Ekkert hefur verið aðhafst síðan.

á því að leggjast inn á geðdeildir til meðferðar en þeir eru útskrifaðir aftur í fangelsi að henni lokinni.

Í ljósi þess að nýtt fangelsi risi brátt á Hólmsheiði finnst Páli blasa við að þar verði byggð sérstök sjúkradeild sem heyrir undir Fangelsismálastofnun. Þar gætu sakhæfir fangar með langtíma geð- og persónuvanda verið vistaðir og fengið stöðuga geðheilbrigðisþjónustu.

Erla Hlynisdóttir

erla@frettatiminn.is